

Fundur í ÍTN á skrifstofu Langesbyggðar þriðjudaginn 1.apríl 2014 kl. 12.00

Mætt eru: Kristín Heimisdóttir, Eggert Stefánsson, Sólveig Sveinbjörnsdóttir, Ólafur Steinarsson og Vilborg Stefánsdóttir sem ritaði fundargerð

1.mál: Ungmennaráð

Lagt fram til kynningar. Nefndin ræðir um að kynna sér starfsemi slíkra ráða og rætt um að leggja áherslu á að ungmennaráð verði sett á fót í Langesbyggð. Athuga þarf hver hefur forsvor fyrir slíku ráði, hvernig er valið í það og fleira.

2.mál: Skíðalyfta, erindi frá nemendum Grunnskólans á Þórshöfn

Fögnum erindinu og nefndin sammála um að vinna málið áfram. Rætt um mögulegar staðsetningar og þar kom Gunnólfsvíkurfjall og Viðarfjall til greina. Skoða þarf kostnað vel á öllum búnaði, t.d snjótroðara. Hugmyndir um að ræða við Jóhann Rúnar á Húsavík og Stefán Mía á Norðfirði. Einnig að fá upplýsingar frá Dalvík. Nefndin skipti með sér verkum um að skoða málið frekar.

3.mál: Landsmót 50+ 2016

Í sumar er Landsmót 50+ á Húsavík og fagnar nefndin því. Lýsum við stuðning við HSP með umsóknir til annarra móta.

4.mál: Umgengni í Svartholi

Skoða þarf ruslaílát. Ættu að koma eða vera komin. Ítrekum gott samstarf starfsmanna Svarthols og húsvarðar Þórsvers.

5.mál: Dagskrá Svarhols

Opnunartími Svarthols lagður fyrir. Áætlaðir 50 tímar pr. mánuð. Samþykkt.

6.mál: Önnur mál

Viðhald á Þórsver að utan. Almennar umræður. Beðið eftir úttektarskýrslu um Þórsver.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 13.00